

# AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

Aðalfundur Fjarskipta hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2016 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2015.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2016.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
  - a) Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár, sem breyta 4. gr. samþykktanna.
  - b) Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður nýr viðauki við samþykktirnar.
11. Önnur mál löglega upp borin.

## Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins [vodafone.is/fjarfestatengsl](http://vodafone.is/fjarfestatengsl) eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 3. mars 2016.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Unnt er að koma framboðum á framfæri við sérstaka tilnefningarnefnd, sem starfar á grundvelli leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins. Skal senda framboðstilkynningu á netfangið: [tilnefningarnefnd@vodafone.is](mailto:tilnefningarnefnd@vodafone.is) eigi síðar en þremur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en samhliða endanlegu fundarboði tveimur vikum fyrir aðalfund. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 12. mars 2016. Framboð sem berast skemur en þremur vikum fyrir fund skulu því berast á netfangið: [stjorn2016@vodafone.is](mailto:stjorn2016@vodafone.is)

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum nú tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 12. mars 2016 og ber að skila framboðum á netfangið: [tilnefningarnefnd2016@vodafone.is](mailto:tilnefningarnefnd2016@vodafone.is)

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.



**Vodafone**  
Við tengjum þig